

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Borgartúni 12-14 Reykjavík og Hafnarfjarðarkaupstaður kt. 590169-7579, Strandgötu 8-10, 220 Hafnarfirði, gera með sér svohljóðandi :

SAMSTARFSSAMNING

um aðkeypt stöðugildi Hafnarfjarðarbæjar í VoR teymi Reykjavíkurborgar

1. gr.

Gildissvið/Þjónusta sem samið er um

Samstarfssamningur þessi felur í sér aðkeypt stöðugildi starfsmanns inn í Vettvangs- og ráðgjafateymi Reykjavíkurborgar, hér eftir nefndur starfsmaður verkefnisins eða starfsmaðurinn. Starfsmaður verkefnisins mun sinna tengiliðahlutverki við Hafnarfjarðarbæ varðandi mál þeirra einstaklinga, með lögheimili í Hafnarfirði, sem að nýta neyðarskýli eða dvelja í ótryggum aðstæðum. Þá mun starfsmaður kynna sér starfshætti Reykjavíkurborgar í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarfir og sjá um að miðla því til Hafnarfjarðarbæjar. Starfsmaðurinn mun vinna hjá VoR teymi Reykjavíkurborgar en einnig innan stuðningsteymis Hafnarfjarðarbæjar, sem sinnir stuðningi til einstaklinga sem hafa langvarandi reynslu af heimilisleysi en eru komnir með búsetu (sértækri heimaþjónustu í þjónustu- og úrræðateymi hjá Hafnarfjarðarbæ).

Greiðslur Hafnarfjarðarbæjar taka mið af upphafsdagsetningu ráðningarsamnings starfsmannsins í VoR teymi Reykjavíkurborgar og gildir í eitt ár frá þeim tíma. Hafnarfjarðarbær greiðir mánaðarlega samkvæmt reikningi frá Reykjavíkurborg sem samsvarar 1.182.886 kr. Reykjavíkurborg er vinnuveitandi starfsmannsins og fær hann greitt samkvæmt kjarasamningi Eflingar. Þremur mánuðum áður en samningur rennur út skal hann endurmetinn.

2. gr.

Markmið

Markmið samnings þessa er að miðla til og auka þekkingu Hafnarfjarðarbæjar á málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarfir. Markmiðið er einnig að flýta málsmeðferð þeirra einstaklinga, með lögheimili í Hafnarfirði, sem að nýta neyðarskýli Reykjavíkurborgar eða glíma við heimilisleysi með auknum stuðningi á vettvangi. Markmið er að tryggja samfellu í þjónustu sem og að auka lífsgæði einstaklinga. Þá er einnig markmið að efla og styrkja tengsl sveitarfélaganna í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarfir.

3. gr.

Lagagrundvöllur

Þjónustan sem samið er um grundvallast á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Í verkefnum þeim sem samstarfssamningur þessi tekur til ber að fylgja gildandi stefnu í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarfir og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og heildarstefnu Hafnarfjarðar þar sem lögð er áhersla á vellíðan íbúa sveitarfélagsins.

4. gr.

Persónuvernd og vinnsla persónuupplýsinga

Öll skráning og miðlun persónuupplýsinga um einstaklinga skal vera í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Starfsmaðurinn mun sinna tengiliðahlutverki við Hafnarfjarðarbæ varðandi mál einstaklinga, sem eru með lögheimili í Hafnarfjarðarbæ og að nýta sér neyðarskýli Reykjavíkurborgar eða dvelja í ótryggum aðstæðum. Starfsmaðurinn mun miðla persónuupplýsingum um þessa einstaklinga til Hafnarfjarðarbæjar en fræða þá einstaklinga sem í hlut eiga um það. Starfsmaður mun ekki miðla persónuupplýsingum um aðra einstaklinga til Hafnarfjarðarbæjar.

Tilgangur framangreindrar miðlunar er til að:

Hafnarfjarðarbær sem lögheimilissveitarfélag framangreindra einstaklinga geti aðstoðað og veitt þessum einstaklingum viðeigandi þjónustu, sem í boði er hjá Hafnarfjarðarbæ.

Framangreind miðlun starfsmanns til Hafnarfjarðarbæjar er byggð á heimild sveitarfélaga til hafa samvinnu um verkefni skv. 4. og 7. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og einnig á 5. tölulið 9. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, þar sem umrædd miðlun er nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna.

Starfsmaður mun einnig kynna sér starfshætti Reykjavíkurborgar í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarir og sjá um að miðla ópersónugreinanlegum upplýsingum um starfshætti til Hafnarfjarðarbæjar.

5. gr.

Starf í VoR teymi

Starfsmaður í VoR teymi skal hafa reynslu af vinnu með fólki með fjölþættan vanda og með þekkingu og áhuga á skaðaminnkandi nálgun. Hann skal búa yfir hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sveigjanleika. Starfsmaður þarf að vera reiðubúinn að vinna sjálfstætt, setja heilbrigð mörk í samskiptum og hæfur að bregðast við óvæntum aðstæðum. Starfsmaður skal vera með B1-B2 íslenskukunnáttu samkvæmt evrópskum tungumálaramma, ökuréttindi og hreint sakavottorð í samræmi við lög.

Hlutverk VoR teymis er að styðja við einstaklinga sem glíma við heimilisleysi eða hafa reynslu af langvarandi heimilisleysi. taka ákvarðanir um íhlutun, innlagnir og úrræði í samvinnu við íbúa, aðstandendur og/eða forstöðumann.

VoR teymið er skipað einstaklingum sem fylgja starfslýsingu starfsmanns í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarir. Markmið með þjónustunni er að mæta þörfum einstaklinga á heildstæðan og einstaklingsmiðaðan hátt ásamt því að styðja þau til samfélagslegrar þátttöku og virkni. Tekið er mið af skaðaminnkandi hugmyndafræði og batamiðaðri nálgun. Starfsmenn hvetja og styðja við einstaklinga til sjálfshjálpar og samfélagslegrar þátttöku og virkni á forsendum einstaklinga.

6. gr.

Framlag samningsaðila

Hafnarfjarðarbær greiðir sem samsvarar einu stöðugildi starfsmanns í VoR teymi Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg leggur þá til starfsaðstöðu sem og aðra rekstrarlega þætti stöðugildis sem tengjast starfseminni. Lagt hefur verið mat á það í kostnaðaráætlun.



Reykjavík



Hafnarfjörður

Starfsmaður VoR teymis sem Hafnarfjarðarbær greiðir fyrir fær aðgengi að öllum stoðum þjónustunnar (fræðsla, styrkir, stuðningur o.fl.) skv. kjarasamningi og sem starfsmaður Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg gengur ekki í kostnaðarábyrgð á veikindum starfsmanns verkefnisins. Ef upp kemur langvarandi veikindaleyfi verður ekki ráðinn annar starfsmaður í stað hans, nema um það verði sérstaklega samið og með viðbótar kostnaðarframlagi frá Hafnarfjarðarbæ.

7. gr.

Skýrslur, eftirlit og árangur

Gera skal ársskýrslu um starfsemina þar sem m.a. kemur fram fjöldi þeirra sem nýta þjónustu VoR teymis og hvers konar beiðnir um ræðir. Teymið heldur utan um alla tölfræði um starfsemi þess og heldur sérstaka skráningu fyrir Hafnarfjarðarbæ. Stýrihópur getur látið gera úttekt á starfseminni hvenær sem er.

8. gr.

Þagnarskylda, skráning og meðferð upplýsinga

Varðveita skal með tryggilegum hætti öll gögn er varða persónulega hagi allra einstaklinga sem fá þjónustu Vor teymis, þannig að óviðkomandi aðilar fái þar ekki aðgang. Upplýsingar um notendur með lögheimili í Hafnarfjarðarbæ skulu áfram skráðar og varðveittar í skráningarkerfi VoR teymis (Power apps) eins og verið hefur. Auk þess mun starfsmaður miðla sömu persónuupplýsingum um þessa notendur í málaskrá Hafnarfjarðarbæjar að fengnu samþykki þeirra einstaklinga sem í hlut eiga.

Um tjáningarfrelsi og þagnarskyldu starfsmannsins fer eftir X. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 sbr. 2. mgr. 57.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Þagnarskylda starfsmanns helst þó svo að samstarfssamningi milli aðila ljúki og einnig eftir að starfsmaður lætur af störfum fyrr.

Starfsmaður skal undirrita trúnaðaryfirlýsingu vegna starfa sinna hjá Reykjavíkurborg.

9. gr.

Vanefndir, riftun og uppsögn

Vanefnir samningsaðili samningsskyldur sínar samkvæmt samningi þessum getur gagnaðili krafist tafarlausra úrbóta innan hæfilegs tímafrests. Ef um verulegar vanefndir á efni samnings þessa er að ræða geta aðilar rift honum fyrirvaralaust. Vanefnd samnings ber þó ávallt að tilkynna gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að bæta úr.

Uppsagnafrestur beggja aðila er þrír mánuðir og tekur gildi frá næstu mánaðarmótum frá uppsögn. Uppsögn skal vera skrifleg og afhent gagnaðila á sannanlegan hátt.

10. gr.

Force majeure

Komi upp óviðráðanleg staða vegna ófyrirséðra ytri atvika (force majeure), t.d. vegna eldsvoða, farsóttar, verkfalla, náttúruhamfara, stríðsástands og hryðjuverka sem áhrif hefur á þjónustu samkvæmt samningi þessum skulu samningsaðilar meta stöðuna um framhald samningsins og ábyrgð hvors aðila samkvæmt samningnum.



Reykjavík



Hafnarfjörður

11. gr.

Ágreiningsmál

Komi upp ágreiningur milli samningsaðila um efni samnings þessa og/eða telji aðilar samninginn vanefndan af hálfu gagnaðila, skulu samningsaðilar leitast við að jafna ágreining sinn.

Rísi mál út af samningi þessum má bera slíkan ágreining undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

12. gr.

Breyting á samningi

Samstarfssamningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi aðila.

13. gr.

Framsal til 3ja aðila

Samningsaðilum er óheimilt að framselja samning þennan til 3ja aðila.

14. gr.

Gildistími

Samningur þessi gildir í ár frá ráðningu starfsmanns í VoR teymi sbr. 2. mgr. 1. gr. samnings þessa.

15. gr.

Undirritun

Samningur þessi er undirritaður með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti og reglugerð (ESB) 910/2014 um sama efni. Með undirritun ábyrgjast viðkomandi einstaklingar jafnframt að þeir hafi umboð til að skuldbinda aðila, með þeim hætti sem samningurinn gerir ráð fyrir.